

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 7. júní 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-9/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 23. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á rafgeymum bifreiðar, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi endurgreiði sér kostnað vegna kaupa á nýjum rafgeymum.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 25. janúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 29. janúar. Með bréfi, dags. 4. febrúar sl., var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frest til þess til 24. febrúar. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að álitsbeiðandi keypti bifreiðina xx-000 af seljanda hinn 31. ágúst 2012 fyrir kr. 4.900.000. Var bifreiðin af gerðinni Dodge Ram 2500, árgerð 2007, fyrst skráð 9. ágúst 2007 og hafði verið ekið 57.000 mílur á kaupdegi.

Álitsbeiðandi segir að við skoðun á bifreiðinni hafi viðvörunarljós logað í mælaborði hennar. Seljandi lét því verkstæði sitt yfirfara bifreiðina til að komast að því hvað amaði að. Þegar bifreiðin var afhent logaði ljósið ekki lengur, en engin skýring var hins vegar gefin á því af hverju ljósið hefði logað. Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni sagði hins vegar orðrétt: „Seljandi er nýbúinn að láta slökkva ljós í mælaborði og ábyrgist að það sé komið í lag.“ Hinn 7. nóvember sl. kveðst álitsbeiðandi hafa haft samband við starfsmann seljanda þar sem áður nefnt ljós var aftur tekið að loga í mælaborði. Var hleðsla á rafgeymum bifreiðarinnar, sem voru tveir, mæld og kom í ljós að báðir rafgeymarnir voru ónýtir eða lélegir. Eftir mælinguna óskaði álitsbeiðandi eftir því við seljanda að hann léti sér í té nýja rafgeyma. Féllst seljandi einungis á að afhenda álitsbeiðanda einn rafgeymi. Segir álitsbeiðandi að fagaðilar sem hún hafði rætt við hefðu talið að ekki myndi nægja að skipta einungis um annan rafgeyminn. Þar sem kalt var orðið í veðri þegar þarna var komið og bifreiðin erfið í gang afréð álitsbeiðandi að láta skipta þegar um rafgeyma bifreiðarinnar. Tilkynnti hún seljanda að hún myndi kaupa tvo rafgeyma og leita síðan réttar síns en þrátt fyrir það neitaði seljandi að bæta álitsbeiðanda báða rafgeymana. Keypti álitsbeiðandi nýja rafgeyma af nafngreindum þriðja aðila og mældi sami aðili báða gömlu rafgeymana, mat annan ónýtan og hinn mjög lélegan. Fór seljandi fram á að verkstæði sitt fengi einnig að yfirfara bilunina til að staðfesta greininguna á rafgeymunum. Var það gert og segir álitsbeiðandi að niðurstaða verkstæðis seljanda hafi verið sú sama og hjá áður nefndum aðila.

Gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi greiði sér kr. 76.806 vegna kaupa á nýjum rafgeymum. Meðfylgjandi álitsbeiðni er kaupsamningur og afsal fyrir umræddri bifreið, afrit af mælingu á rafgeymunum tveimur og reikningur fyrir tveimur nýjum rafgeymum, dags. 13. desember sl., að fjárhæð kr. 76.806

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að seljandi hafi skoðað báða rafgeyma bifreiðarinnar xx-000 á verkstæði sínu. Þar hafi komið í ljós að annar tveggja rafgeyma var orðinn lélegur sem hafi orsakað að ljós kviknaði í mælaborði bifreiðarinnar. Kveðst seljandi strax hafa boðið álitsbeiðanda að skipta um þann rafgeymi sem var lélegur og í þeim tilgangi keypt rafgeymi hinn 10. nóvember sl. fyrir kr. 26.312. Rafgeymirinn sé enn á starfsstöð seljanda.

Álitsbeiðandi hafi hins vegar fengið þær ráðleggingar að gott væri að skipta um báða rafgeyma bifreiðarinnar, þrátt fyrir að annar rafgeymirinn sýndi enn 62% „state of health“ samkvæmt mælingum sem álitsbeiðandi aflaði sjálf. Seljandi telur það ekki vera í sínum verkahring að endurnýja hluti í seldum bifreiðum sem enn eigi eftir töluverðan líftíma. Seljandi hafi þó boðið álitsbeiðanda að njóta góðs af innkaupsverði seljanda af seinni rafgeyminum þar sem hún vildi skipta um báða rafgeyma. Þetta kveðst seljandi hafa ítrekað við álitsbeiðanda með tölvupóst hinn 13. desember sl. og boðið henni seinni rafgeyminn fyrir kr. 20.966. Álitsbeiðandi hafi hins vegar kosið að greiða kr. 76.806 fyrir tvo nýja rafgeyma.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda hinn 31. ágúst 2012 fyrir kr. 4.900.000. Bifreiðin er árgerð 2007 og fyrsti skráningardagur hennar 9. ágúst 2007. Bifreiðin var því rúmlega 5 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 57.000 mílur þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 31. ágúst 2012, segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;[...]"

Sem að framan er rakið varðar ágreiningur aðila kostnað vegna kaupa á nýjum rafgeymum í umrædda bifreið. Í kaupsamningi og afsali vegna kaupa á bifreiðinni segir orðrétt: „Seljandi er nýbúinn að láta slökkva ljós í mælaborði og ábyrgist að það sé komið í lag.“ Ekki er deilt um að eftir kaupin kom í ljós að ástæða umrædds ljóss í mælaborði var lélegt ástand tveggja rafgeyma bifreiðarinnar. Við mælingu á rafgeymunum hjá þriðja aðila

kom fram að annar rafgeymirinn var mældur með 37% „state of health“ og dæmdur ónýtur og eru aðlar sammála um þá niðurstöðu. Hinn rafgeymirinn var mældur með 62% „state of health“ og að sögn álitsbeiðanda metinn mjög lélegur af þriðja aðila. Þeirri niðurstöðu hefur álitsbeiðandi hins vegar mótmælt og telur geyminn hafa verið í nothæfu ástandi.

Kærunefndin hefur sem fyrr segir leitað álits sérfróðs aðila um bifreiðar í þessu máli hvað varðar ástand umræddra rafgeyma. Er það mat kærunefndarinnar að báðir rafgeymarnir hafi verið haldnir galla í skilningi áðurnefnds a-liðar 1. mgr. 17. gr. laganna og að seljandi beri ábyrgð á þeim göllum. Þá telur kærunefndin rétt að benda á að eðlilegt er að skipta um báða rafgeyma í þeim tilvikum sem annar rafgeymirinn er lélegur, en hinn ónýtur. Er þetta gert til þess að viðhalda líftíma hinna nýju rafgeyma, en þegar aðeins er skipt um annan rafgeyminn, rýrir það líftíma þess nýja.

Í VI. kafla laga nr. 48/2003 um neytendakaup er fjallað um úrræði neytenda vegna galla á söluhlut. Þar segir í 1. mgr. 26. gr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr.;
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Álitsbeiðandi mun hafa krafði seljanda um úrbætur í samræmi við 29. og 30. gr. laganna hinn 7. nóvember 2012, eftir að hafa látið mæla rafgeymana hjá þriðja aðila. Seljandi hafi hins vegar hafnað fullum úrbótum og boðið álitsbeiðanda einn rafgeymi, álitsbeiðanda að kostnaðarlausu, og annan, gegn greiðslu kr. 20.966. Þessa niðurstöðu sætti álitsbeiðandi sig ekki við, heldur keypti tvo nýja rafgeyma hinn 13. desember fyrir kr. 76.806 og endurkrafði seljanda í kjölfarið um þá upphæð. Þá kröfu álitsbeiðanda ber að líta á sem skaðabótakröfu skv. 33. gr. laganna. Eins og málum er háttað hér, er það mat kærunefndarinnar að skaðabætur verði að meta að álitum og er teljast þær réttilega metnar kr. 60.000 og er þá tekið tillit til þess að nýtt kemur í stað gamals.

VI

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda X, kr. 60.000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir